

nefndarinnar með síðari breytingum og taka þær tilkynningar einnig til veiða innan lögsögunnar sem og veiða í færeyskri lögsögu. Um tilkynningar til Færeyja vegna veiða innan færeysku lögsögunnar fer samkvæmt reglum færeyskra stjórnvalda.

8. gr.

Skipstjóri skal, svo fljótt sem verða má eftir að veiðum lýkur og eigi síðar en 4 klukkustundum eftir að komið er til hafnar, senda Fiskistofu skýrslu um áætlaðan kolmunnaafli í viðkomandi veiðiferð á því formi sem Fiskistofa ákveður. Í skýrslunni skal koma fram kolmunnaafli skipsins sundurliðaður eftir afla innan fiskveiðilandhelgi Íslands, afla á alþjóðlegu hafsvæði og afla innan fiskveiðilandhelgi Færeyja.

9. gr.

Kolmunnaafli skal landað og hann veginn í íslenskrri höfn. Þó er heimilt að fengnu leyfi Fiskistofu að landa kolmunnaafli til bræðslu í fiskimjölsverksmiðju í erlendri höfn, enda liggi fyrir að eftirlit með löndun og vigtun sé fullnægjandi að mati Fiskistofu. Þegar að löndun lokinni skal skipstjóri senda Fiskistofu staðfest afrit af vigtarnótu. Um vigtun á kolmunna gilda að öðru leyti ákvæði reglugerðar nr. 522/1998, um vigtun sjávarafli með síðari breytingum.

10. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum III. kafla laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 171, 2. febrúar 2005, um togveiðar á kolmunna.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 27. maí 2005.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012, Rimi, Bláskógabyggð.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 23. maí 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012 frá 22. nóvember 2001.

Breytingin felst í því að um 5 ha svæði við Rima í landi Torfastaða breytist úr svæði fyrir frístundabyggð í landbúnaðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Bláskógabyggðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 23. maí 2005.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina Reykjavíkurveg 3 í Hafnarfirði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 19. apríl 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina Reykjavíkurveg 3 í Hafnarfirði. Breytingin felur í sér að núverandi lóð á Reykjavíkurvegi 3 skiptist í tvær lóðir Reykjavíkurveg 3 og Kirkjuveg 2 með möguleika á nýbyggingu á lóð nr. 2 við Kirkjuveg. Báðar lóðir eru með aðkomu frá Kirkjuvegi. Farið var með breytinguna samkv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun. Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og tæknisviði Hafnarfjarðar, 30. maí 2005.

Bjarki Jóhannesson sviðsstjóri.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í landi Nýjabæjar í Sveitarfélaginu Árborg.

Deiliskipulag búgarða í landi Nýjabæjar í Sveitarfélaginu Árborg.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 9. febrúar 2005 tillögu að deiliskipulagi fyrir búgarðabyggð í landi Nýjabæjar í Sveitarfélaginu Árborg.

Tillagan er sett fram í mkv. 1:2000/1:20000 þann 4. mars 2005 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 23. mars 2005 til og með 20. apríl 2005, með athugasemdafresti til og með 4. maí 2005.

Uppdráttur og greinargerð fyrir tillöguna hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Selfossi, 23. maí 2005.

Grétar Zóphaniásson, fulltrúi á skipulags- og byggingardeild.